



Áritanir og staðfestingar endurskoðenda

Inngangur

Samantekt þessari er ætlað að auka skilning á fjölbreyttri þjónustu endurskoðenda og draga úr því mikla væntingabili sem virðist vera til staðar hvað varðar störf endurskoðenda þegar kemur að ársreikningum lítilla og meðalstórra félaga.

Ársreikningi er ætlað að sýna rekstrarárangur yfir tiltekið tímabil og fjárhagslega stöðu í upphafi og lok tímabils. Lög um ársreikninga gera ítarlegar kröfur um innihald ársreikninga, hvaða matsreglum skal beita í einstökum tilvikum og hvaða skýringar skulu fylgja.

Lesendur ársreikninga eru fjölmargir, svo sem hluthafar, stjórnendur, starfsmenn, viðskiptavinir, lánadrottinnar, opinberar stofnanir, samkeppnisaðilar og mögulegir fjárfestar. Þessir aðilar þurfa að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um afkomu og fjárhagslega stöðu fyrirtækisins og þurfa að geta treyst því að þær upplýsingar séu í meginatriðum réttar.

Í lögum um ársreikninga eru félög sem fara yfir ákveðin stærðarmörk endurskoðunarskyld og ber þeim að láta endurskoða ársreikninga sína. Önnur félög geta kosið sér skoðunarmann og þarf ársreikningur þá ekki að vera endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Nauðsynlegt er að átta sig á hvaða gildi áritun endurskoðanda hefur fyrir ársreikninginn en áritun getur verið mismunandi eftir því hvaða staðfesting frá endurskoðanda liggur að baki. Eftirfarandi tafla er samantekt á helstu áritunum endurskoðanda á ársreikninga/árshlutareikninga og annari staðfestingu á fjárhagslegum upplýsingum.

Verkefni	Staðlar	Staðfesting	Umfang	Áritun / skýrsla	Hvenær á við
Endurskoðun ársreiknings	ISA staðlar	Álit á ársreikningi	Áhættugreining og prófanir sem beinast að áhættu, allir verulegir liðir skoðaðir	Álit hvort ársreikningur gefi glögga mynd	Félög sem fara yfir stærðarmörk og eru endurskoðunarskyld eða ef óskað er eftir staðfestingu fyrir t.d. fjárfesta eða lánadrottina
Könnun ársreiknings	ISRE 2400	Takmarkað álit á ársreikningi	Skoðun á verulegum liðum með áherslu þar sem líkur eru á verulegum skekkjum	Niðurstaða hvort eitthvað hafi komið upp við skoðun	Félög sem ekki eru endurskoðunarskyld en óska eftir einhverri staðfestingu fyrir t.d. fjárfesta eða lánadrottina
Aðstoð við gerð ársreiknings	ISRS 4410	Ekki veitt álit á ársreikningi	Ársreikningur settur upp í samræmi við gögn frá stjórnendum	Aðstoð veitt en engin staðfesting gefin	Félög sem óska eftir aðstoð við uppsetningu en þarfnast ekki staðfestingar
Könnun árshlutareiknings	ISRE 2410	Takmarkað álit á árshlutareikningi	Skoðun á helstu liðum með áherslu þar sem líkur eru á verulegum skekkjum	Niðurstaða hvort eitthvað hafi komið upp við skoðun	Í flestum tilvikum félög með endurskoðunaráritun á ársreikningi sem ber að leggja fram eða óska eftir könnuðum árshlutareikningi.
Önnur staðfestingarvinna (ISRS 4400)	ISRS 4400	Skýrsla um fyrirfram afmarkaða liði	Prófanir sem beinast að fyrirfram afmörkuðum atriðum	Skýrsla þar sem skýrt er frá vinnu og niðurstöðu	Félög sem óska eftir staðfestingu á afmörkuðum atriðum fyrir t.d. fjárfesta eða lánadrottina



Endurskoðun

Markmið, umfang og takmörk

Markmið endurskoðunar er að að gefa álit á ársreikningum, svo að lesendur ársreikninga geti betur treyst þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum skal endurskoðandinn afla sér nægjanlegrar vissu fyrir því að ársreikningurinn sé laus við verulegar skekkjur, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Framkvæmd endurskoðunar byggist á áhættugreiningu, prófunum á eftirlitsaðgerðum, greiningaraðgerðum og ítarlegum prófunum en aðgerðirnar eru háðar faglegu mati endurskoðandans og úrtaksvinnu.

Endurskoðun er þannig háð takmörkunum og þar af leiðandi gefur hún ekki fullvissu um að ársreikningurinn sé að öllu leyti réttur.

Áritun

Í áritun endurskoðanda kemur fram álit hans um að ársreikningurinn sé í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við viðeigandi lög og reikningsskilareglur. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd eða veruleg takmörkun hefur verið á umfangi endurskoðunarinnar skal það koma fram í áritun ásamt ástæðu.

Könnun ársreiknings/árshlutareiknings

Markmið, umfang og takmörk

Markmið könnunar er að gera endurskoðanda kleift að álykta, byggt á aðgerðum sem ekki eru jafn ítarlegar og við endurskoðun, hvort nokkuð hafi komið fram sem bendi til annars en að ársreikningurinn/árshlutareikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við viðeigandi lög og reikningsskilareglur.

Könnun samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum miðar að því að taka á öllum helstu liðum og með áherslu á liði þar sem líkur eru á verulegri skekkju. Endurskoðandinn aflar sér skilnings á félaginu og umhverfi þess og skipuleggur og framkvæmir viðeigandi könnunaraðgerðir sem byggja á faglegu mati.

Könnunaraðgerðir byggjast aðallega á fyrirspurnum og greiningum og eru þannig háðar meiri takmörkunum en endurskoðun. Þar af leiðandi getur endurskoðandi ekki gefið álit á ársreikningnum/árshlutareikningnum.

Áritun

Í áritun endurskoðanda kemur fram að ekkert bendi til annars en að ársreikningurinn/árshlutareikningurinn sé í samræmi við viðeigandi lög og reikningsskilareglur. Í áritun koma fram takmarkanir á könnun og að ekki sé látið í ljós álit á reikningnum. Ef könnunin leiðir í ljós að reikningurinn gefi ekki glögga mynd eða veruleg takmörkun hefur verið á umfangi könnunarinnar skal geta þess í áritun



Aðstoð við gerð ársreiknings

Markmið, umfang og takmörk

Markmið með aðstoð við gerð ársreiknings er að endurskoðandi noti faglega þekkingu sína til að safna saman, flokka og setja fram fjárhagslegar upplýsingar sem eru í samræmi við lög og reikningsskilareglur viðkomandi einingar. Markmiðið er ekki að staðfesta þær upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og þar af leiðandi getur endurskoðandi ekki gefið álit á honum.

Áritun

Í áritun endurskoðanda kemur fram að endurskoðandi hafi veitt aðstoð við gerð ársreikningsins en að ekki sé um neina staðfestingu að ræða, hvorki könnun eða endurskoðun hafi verið framkvæmd. Endurskoðandinn setur því ekki fram álit sitt á ársreikningnum. Ef endurskoðandinn verður var við veruleg frávik frá reikningsskilareglum skal setja ábendingu um það í áritun.

Önnur staðfestingarvinna

Markmið og umfang

Markmið annarrar staðfestingarvinnu er að staðfesta fyrirfram ákveðin atriði er snúa að fjárhagslegum upplýsingum, svo að hagsmunaaðili geti betur treyst þeim upplýsingum.

Aðili kallar eftir staðfestingarvinnu endurskoðanda og koma þeir sér saman um hvaða aðgerðir skal framkvæma til að hægt sé að staðfesta fyrirfram ákveðnar upplýsingar. Aðili tekur þannig þátt í því að ákveða eðli og magn aðgerða sem framkvæmdar verða.

Dæmi um aðra staðfestingarvinnu:

- Staðfesting á viðskiptakröfum eða birgðum í tengslum við lántöku.
- Staðfesting á að styrkveitingum sé ráðstafað með þeim hætti sem þeim var ætlað.

Skýrsla og takmarkanir

Endurskoðandinn gefur út skýrslu um niðurstöður staðfestingarvinnunnar en ekkert álit er veitt á niðurstöðunum. Skýrslan er þannig takmörkuð við þá aðila sem hafa samið um framkvæmd staðfestingarvinnunnar þar sem aðrir sem vissu ekki um ástæður aðgerðanna gætu mistúlkað niðurstöðurnar.

Efni þetta er unnið fyrri hluta árs 2015 og miðast upplýsingar við gildandi lög og staðla á þeim tíma.
Endurskoðunarnefnd FLE, júní 2015